

119. fundur í stjórn FSS, Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi, 16. desember 2015 kl. 16.30, í Fjölheimum

Mætt: Gunnar Bragi Þorsteinsson, Elín Einarsdóttir, Þór Hreinsson, Guðríður Aadnegard, varamaður Magðalenu Jónsdóttur sem boðaði forföll og Gylfi Þorkelsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ásmundur Sverrir Pálsson, fr.kvstj.

## **Dagskrá:**

### **1. Ráðning nýs framkvæmdastjóra**

Formaður fór yfir ráðningarferlið. Niðurstaðan varð að ráða Eyjólf Sturlaugsson. Hann er ráðinn frá 1. janúar 2016.

### **2. Ráðning nýs starfsmanns á Höfn**

Annar starfsmaður FSS á Höfn hættir störfum. Ráðin hefur verið í staðinn Eyrún Unnur Guðmundsdóttir sem er félagsráðgjafi að mennt og tekur hún til starfa 1. janúar nk.

### **3. Rekstraráætlun 2016 – vinnuþag**

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að rekstraráætlun fyrir árið 2016. Helstu fréttir eru þær að FSS fær áfram 10 milljóna tímabundið framlag á fjárlögum úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir tekjum upp á 174.105.000, sem er örlítð hærra en áætlun þessa árs. Margir óvissuþættir eru enn í áætluninni. m.a. tekjur vegna sóknaráætlunar. Útgjöld hækka skv. áætluninni meira en tekjurnar, mest launakostnaður um tæpar 7 milljónir, gjöld eru áætluð 181.550.000 og gjöld umfram tekjur því rúmar 7 milljónir. Að teknu tilliti til fyrirframgreiddra tekna, sem vantar í tekjuliðinn, lagast staðan en ljóst er að reksturinn verður í járnum.

### **4. Launamál starfsmanna annarra en þeirra sem eru í KÍ**

Stjórn hefur borist bréf frá starfsmanni vegna þessa máls. Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að taka saman yfirlit yfir launapróun viðkomandi starfsmanna, m.t.t. þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu, og leggja fyrir stjórn.

### **5. Sóknaráætlun 2015 – samningur til kynningar**

Framkv.stjóri kynnti. Samningur milli SASS og FSS um verkefnið Uppbygging símenntunar á miðsvæðinu undir Sóknaráætlun Suðurlands var undirritaður 8. desember sl. Samningurinn hljóðar upp á 6,5 milljónir.

### **6. Vinna núv. framkvæmdastjóra í janúar 2016**

Nýr framkvæmdastjóri getur ekki hafið störf í desember, heldur byrjar strax á nýju ári. Stjórn samþykkir að semja við ráfarandi framkvæmdastjóra um að starfa tímabundið

í upphafi nýs árs til að leiða þann nýja inn í starfið og felur formanni og varaformanni að ganga frá verktakasamningi þar um.

## **7. Önnur mál**

- a) Formaður kynnti umsóknir sem bárust í Vísinda- og rannsóknarsjóð Suðurlands. Alls bárust 6 umsóknir, þar af 2 vegna doktorsverkefna. Stjórn sjóðsins samþykkti að styrkja þrjú verkefni um samtals 1.200.000,- krónur. Forseti Íslands mun afhenda styrkina þann 14. janúar 2016.

Fundi slitið kl. 18:10